

OFANFLÓÐAVARNIR NEÐAN GLEIÐARHJALLA Á ÍSAFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif ofanflóðavarnanna geti orðið talsverð neikvæð einkum fyrir þá sem búa næst varnargörðunum og missa útsýni til fjallshlíðarinnar ofan byggðarinnar og einnig séð neðan frá Suðurtanga eða við siglingu inn Skutulsfjörð. Stofnunin telur hugmyndir um mótun varnargarðanna, frágang yfirborðs og uppgræðslu/ræktun séu til þess fallnar að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum og ef vel tekst til verði aðstaða til útivistar og ræktunar ekki síðri að framkvæmdum loknum en nú er.

Framkvæmdin kemur til með að hafa bein og varanleg áhrif á gróður á allstóru svæði og þó að sjaldgæfum tegundum verði ekki raskað þá verða áhrifin nokkuð neikvæð en fyrirhuguð uppgræðsla mun draga úr þeim til lengri tíma lítið.

Framkvæmdin kann að valda því að aukið vatnsmagn verði í rásum sem flytja eiga yfirborðsvatn til sjávar t.d. vegna aukinnar snjósöfnunar ofan varnargarðanna sem við hraða bráðnun gæti leitt til flóðtoppa. Einnig kann afrennsli af raskaða svæðinu ofan garðanna að aukast ef vatn sígur þar ekki jafn hratt niður og í grófa urðina við núverandi aðstæður. Mikilvægt er því að í framkvæmdinni felist gerð fráveitu er annar flóðtoppum svo ekki flæði inn á lóðir húsa eða inn í hús. Tekið er undir áform um að fylgjast með grunnvatnsstöðu í lóðum húsa, m.t.t. hættu á skemmdum á þeim og vöktun á snjósöfnun við garðana m.t.t. hættu á að snjór þar hlaupi fram.

Búast má við ónæði vegna hávaða og umferðar á framkvæmdatíma og þarf að stefna að því að vinna á svæðinu í áföngum þannig að frágangur einstaka svæða geti hafist sem fyrst.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á byggingartíma/rekstartíma.

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar.....	3
1.2	gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ.....	4
3	AÐRIR KOSTIR	4
3.1.1	Núllkostur	5
4	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
4.1	Áhrif á landslag og sjónræn áhrif.....	5
4.2	Áhrif á landnotkun og útivist.....	6
4.3	Áhrif á veðurfar og snjósöfnun	7
4.4	Áhrif á framkvæmdatíma.....	7
4.5	Áhrif á lífríki	8
4.6	Áhrif á jarðmyndanir	8
4.7	Áhrif á vatnafar	9
4.8	Vægiseinkunnir	10
4.9	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	10
5	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	10

stofnun

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 27. desember 2011 sendi Náttúrustofa Vestfjarða f.h. Ísafjarðarbæjar, frummatsskýrslu um Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði, Ísafjarðarbæ, til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 2. janúar 2012 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og þann 5. janúar 2012 í Bæjarins Besta. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 2. janúar til 14. febrúar 2012 á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar á Bókasafni Ísafjarðarbæjar, í Þjóðarþóklöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.nave.is: www.isafjordur.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun tvær athugasemdir. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemdirnar til Náttúrustofu Vestfjarða.

Þann 7. mars 2012 sendi Náttúrustofa Vestfjarða f.h. Ísafjarðarbæjar matsskýrslu um Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði, Ísafjarðarbæ, til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Desember 2011.

Önnur gögn:

- Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, október 2002.
- Fuglar í Stóriröð og nágrenni, undir Gleiðarhjalla á Ísafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, desember 2011.
- Gróður undir Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Náttúrustofa Vestfjarða, september 2011.
- Landmótun neðan Gleiðarhjalla. Tillaga að mótvægisáðgerðum. Teiknistofan Eik ehf., ágúst 2011.
- Minnisblað um uppgræðslu til að ná fram staðargróðri sérstaklega í hlíðum t.d. á Vestfjörðum. Tekið saman af Hafdís Sturlaugsdóttur, Náttúrustofu Vestfjarða og Erlu Bryndísi Kristjánsdóttur, Teiknistofunni Eik, í október 2011.
- Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði. Könnun á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Náttúrustofa Vestfjarða, 17. október 2011.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 27. 2. 2012.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 24. janúar 2012.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 12. janúar 2012.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. janúar 2012.

- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 23. janúar 2012.

Athugasemdir bárust frá:

- Lagabíngi SF. f.h. Ásthildar Cesil Þórðardóttur og Elíasar Skaptasonar, með bréfi dags. 9. febrúar 2012.
- Ragnheiði Hákonardóttur og Guðbjarti Ásgeirssyni, með tölvubréfi dags. 13. febrúar 2012.

Matsskýrsla: Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Mars 2012.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að með byggingu ofanflóðavarnanna sé fylgt kröfum laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerðar nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða. Í samræmi við það sé við hönnun varnarvirkja leitast við að auka öryggi íbúa þannig að eftir byggingu varnarvirkjana sé staðaráhætta fólks neðan þeirra aldrei meiri en 3,0 af 10.000 á ári. Fram kemur að erfitt sé að meta snjóflóðahættu undir Gleiðarhjalla, þar sem snjóflóð séu þar sjaldgæf en hætta á aurflóðum og grjóthruni sé hins vegar töluverð og hættumatslínur á hættumatskortum lýsi samanlagðri hættu vegna snjóflóða, aurskriða og grjóthruns. Hættumat hafi verið staðfest árið 2003, það hafi ekki breyst við endurskoðun árið 2008 og skýrsla um endurskoðað hættumat sé væntanleg um miðjan mars 2012.

Fram kemur að fyrirhugað sé að byggja ofanflóðavarnir af tvennum toga, annars vegar 14 og 7 metra háa þvergarða (garðar A, 4a og 4b) til að verjast snjóflóðum og hins vegar 5 metra háan aurvarnargarð (garður 3). Skeringar ofan þvergarða verði mótaðar og látnar fylgja lögum lands til að koma í veg fyrir aukna snjósöfnun á svæðinu. Rás/skering ofan við aurvarnargarð verði um 4 metra breidd og skeringarrásin ofan snjóflóðavarnargarðanna um það bil 30 metrar. Jarðvegur af svæðinu verði notaður til að byggja upp varnargarðana eftir því sem hægt verði að nota það efni. Umframefni verði flutt í grjótnámu í Dagverðardal og efni í kjarna brattrar garða verði að öllum líkindum sótt í þá námu. Gert sé ráð fyrir að heildarefnisflutningar úr og í námuna í Dagverðardal geti orðið 50.000 m³.

Fram kemur að stefnt sé að því að hefja framkvæmdina í ágúst 2012 og ljúka árið 2016.

3 AÐRIR KOSTIR

Fram kemur að heildarverðmæti eigna innan núverandi hættusvæða B og C sem garðarnir eigi að verja sé áætlað um 1.714 milljónir kr. miðað við fasteignamat og 3.021 milljónir kr. miðað við brunabótamat. Við uppkaupin stæðu 105 hús/íbúðir auð sem hefði áhrif á ásýnd svæðisins og neikvæð áhrif á samfélagið. Samkvæmt kostnaðarmati frá árinu 2011 sé kostnaður við byggingu ofanflóðavarnargarðanna áætlaður 770 milljónir kr. sem sé mun minni en uppkaup húsa og uppkaup komi því ekki til greina. Þá kemur fram að skóðað hafi verið að setja upp stoðvirki, en grundunaraðstæður fyrir stoðvirki á upptakasvæðum mögulegra snjóflóða séu afar erfðar og kostnaðarsamt viðhald þeirra útiloki jafnframt notkun þeirra. Þá komi leiðigarður ekki til greina vegna mun meiri kostnaðar og einnig séu hugsanlega meiri umhverfisáhrif af slíkum garði. Framkvæmdin sem kynnt er sé eini kosturinn sem tryggi íbúum ásættanlegt öryggi gagnvart ofanflóðum.

3.1.1 Núllkostur

Samkvæmt matsskýrslu felur núllkostur í sér viðhald á núverandi ástandi, þ.e. rýmingu húsa en það er ekki talið veita íbúum nægilegt öryggi. Ofanflóðavarnir yrðu þá ekki byggðar heldur haldið áfram að rýma hús þegar hætta skapast á flóðum. Núllkostur sé ekki talinn veita íbúum nægilegt öryggi gagnvart ofanflóðum, sé því ekki raunhæfur valkostur og því eru umhverfisáhrif hans ekki metin.

Í athugasemdum sem voru gerðar fyrir hönd Ásthildar Cesil Þórðardóttur og Elíasar Skaftasonar kemur meðal annars fram að núllkostur sé heppilegastur þar sem raskið sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafi í för með sér réttlæti þær ekki, sérstaklega með hliðsjón af því að þær byggi á óstaðfestu, ófullunnu hættumati. Ennfremur hvíli engin skylda á stjórnvöldum að ráðast í aðgerðir sem miði t.d. að uppkaupum á fasteign Ásthildar, þar sem hún sé ekki á skilgreindu hættusvæði skv. staðfestu hættumati. Þau séu tilbúin til að rýma hús sitt ef þörf er talin á því, en slíkt hafi aðeins verið gert einu sinni síðan þau fluttu í húsið að Seljalandsvegi 100.

Í svari framkvæmdaraðila varðandi hættumat kemur fram að það hafi verið staðfest árið 2003 og ekki breyst við endurskoðun árið 2008. Skýrsla um endurskoðað hættumat muni líklega fara í kynningu í Ísafjarðarbæ í byrjun eða um miðjan mars 2012. Húseign Ásthildar sé á svæði C (mesta hættusvæðið) skv. endurskoðaða hættumatinu sem nú sé í vinnslu. Ekki sé gert ráð fyrir vörnum fyrir ofan það vegna kostnaðar en einnig vegna hættu á snjósöfnun sem myndi draga úr virkni garðsins á þessu svæði. Eigendum verði boðið að Ísafjarðarbær kaupi upp eignina í samræmi við stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga um að öryggi fólks á svæði C sé tryggt með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum húsa fyrir árið 2020.

4 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 ÁHRIF Á LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Samkvæmt matsskýrslu mun landslag fyrir ofan byggðina á Ísafirði breytast nokkuð þar sem í stað hrjúfs yfirborðs með grjótdreif, hryggjum og lægðum og skógarreit kemur brött brekka nær byggðinni. Neðan úr bænum muni garðarnir hafa lítill áhrif á landslagið þegar gróður hafi tekið við sér nema garður 4a gæti orðið nokkuð áberandi þar sem hann liggja ofar í hlíðinni en hinir garðarnir og sveigi upp í Stóruð. Stefnt sé að því að hafa yfirborð brekkunnar hrjúft svo fjölbreyttur gróður nái sér sem fyrst af stað. Ennfremur sé gert ráð fyrir skógrækt á öllu framkvæmdasvæðinu eftir að framkvæmd lýkur. Útsýni frá efstu húsum, þ.e. við Urðaveg og Seljalandsveg mun breytast nokkuð mikið og jafnvel skerða algerlega útsýni þaðan til fjallshlíðarinnar fyrir ofan þau.

Framkvæmdaraðili bendir á að áhrif séu staðbundin og hafa beri í huga að framkvæmdasvæðinu hafi þegar verið raskað. Niðurstaða hans sé hins vegar að áhrifin verði talsverð neikvæð þar sem garður 4a gæti orðið áberandi frá ákveðnu sjónarhorni og sum kennileiti hlíðarinnar muni ekki sjást frá ákveðnum sjónarhornum vegna garðanna.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að hún telji að neikvæð áhrif ofanflóðavarna verði fyrst og fremst á landslag og hafi neikvæð sjónræn áhrif. Ekki sé líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en draga megi úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar ef staðið verði að frágangi á þann hátt sem lýst sé í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif ofanflóðavarnanna geti orðið talsverð neikvæð einkum fyrir þá sem búa næst varnargörðunum og missa útsýni til fjallshlíðarinnar ofan byggðarinnar. Jafnframt valdi framkvæmdin neikvæðum sjónrænum áhrifum t.d. séð frá Suðurtanga eða við siglingu inn Skutulsfjörð þar sem umfangsmikil mannvirki, ólík því sem fyrir eru, munu skera sig úr umhverfinu. Skipulagsstofnun telur hins vegar að þær hugmyndir sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram um mótun garðanna, frágang yfirborðs og uppgræðslu/ræktun á framkvæmdasvæðinu séu til þess fallnar að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum.

4.2 ÁHRIF Á LANDNOTKUN OG ÚTIVIST

Samkvæmt matsskýrslu þarf að færa háspennustrengi Orkubús Vestfjarða og Landsnets sem liggja um framkvæmdasvæðið og verði þeir staðsettir ofan lóðamarka íbúðarhúsa, ýmist ofan eða neðan við varnargarða, eins og pláss framkvæmdarsvæðis leyfir.

Í athugasemdum Ragnheiðar Hákonardóttur er því mótmælt að háspennustrengur verði lagður í neðri hlið Garðs 3, austurenda, þar sem garðurinn og framkvæmdarsvæðið verði allt of nálægt íbúðarhúsum við götuna. Bent er á að íbúar við Urðarveg hafi lýst sig mótfallna því að háspennustrengur verði grafinn í götunni.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að endanleg staðsetning á háspennustreng verði ákveðin á verkhönnunarstigi og að athugasemd Ragnheiðar hafi verið komið til verkhönnuða.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrirhuguð lega háspennustrengs/ja neðst í varnargörðum er í samræmi við aðalskipulag sem staðfest var 2010 og því væntanlega í samræmi við reglur er varða raforkuvirki.

Samkvæmt matsskýrslu er skógræktarreitir á framkvæmdasvæðinu sem byrjað var að gróðursetja í árið 1945 og fram kemur að á síðustu árum hafi verið plantað talsvert í hlíðina. Svæði við Stóruð hafi eitthvað verið notað til berjatínslu. Framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á möguleika til skógræktar á svæðinu þar sem áætlað sé að gróðursetja plöntur eftir að framkvæmdum ljúki og einnig verði óveruleg áhrif á berjatínslu því skógrækt hefði hvort sem er breytt henni. Á meðan á framkvæmdinni standi muni hún hafa neikvæð áhrif á útivist en að henni lokinni skapist betri skilyrði til útivistar með tilkomu nýrra göngustíga og útsýnisstaðar, sem verði hluti af frágangi og mótvgæðisgerðum. Gert sé ráð fyrir að öryggi á gönguleiðum verði tryggt með öryggisgirðingum þar sem þörf verður á. Vegslóðar muni nýtast sem reiðleiðir.

Í athugasemdum Ásthildar Cesil Þórðardóttur og Elíasar Skaftasonar er gerð alvarleg athugasemd við að fyrirhugað sé að taka verulegan hluta af uppeldissvæði Garðplöntustöðvar Ásthildar undir vinnslusvæði. Á svæðinu séu allt að 4-6 metra há tré sem þurfi að fjarlægja, auk þess sem þetta komi til með að hafa veruleg áhrif á einstaklingshagsmuni og atvinnuhagsmuni auk verulegra áhrifa á ásýnd svæðisins og gróðurfar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé í eigu Ísafjarðarbæjar en hluta af því hafi Ásthildur fengið til afnota sem uppeldissvæði fyrir garðplöntustöð sína. Gert sé ráð fyrir um 12.000 m² svæði ofan framkvæmdasvæðisins fyrir gróðrarstöðina að framkvæmdum loknum og sé það í samræmi við deiliskipulag.

Skipulagsstofnun telur að skerðing á útvistarsvæði, skógræktarreit og uppeldissvæði garðplöntustöðvar verði einkum á framkvæmdatíma. Fyrirhugaðar aðgerðir við landmótun og frágang svæðisins miði hins vegar að því að bæta fyrir skerðinguna.

4.3 ÁHRIF Á VEÐURFAR OG SNJÓSÖFNUN

Samkvæmt matsskýrslu er norðaustanátt ríkjandi á veturna og skefur úr Eyrarhlíð frá austri til vesturs og þar sem varnargarðarnir verði opnir fyrir ríkjandi vindátt verði hætta á snjósöfnun í lágmarki. Í vettvangsferð í mars 2009, eftir miklar snjókomur og stífa norðanátt í kjölfarið kom í ljós að snjósöfnun var almennt mun meiri við íbúðarhúsin en í hlíðinni þar sem garðarnir eru fyrirhugaðir. Búast megi við að garður neðan Stóruðar geti haft áhrif á staðbundna snjósöfnun suðvestan í Stóruð og líklegast sé að hengjur myndist staðbundið út frá garðtoppum en hafi ekki áhrif á snjósöfnun og þar með virkni lága þvergarðsins neðan Urðarinnar. Til þess að draga úr hættu á að snjór safnist í og fylli þrengri skeringarásir við aurflóðagarðana verði þær mótaðar í mjúkum línunum að núverandi landi og grjóthnullungar á bökkum sem hafi staðbundin snjósöfnunaráhrif fjarlægðir.

Í athugasemdum Ragnheiðar Hákonardóttur er bent á, að á kynningarfundum vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda sem haldinn var á Ísafirði hafi komið fram spurning um hvort ekki skapaðist flóðahætta af vörnum við Urðarveg 78 og 80.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að snjósöfnun við varnargarða sé almennt minni en á náttúrulegum upptakasvæðum í viðkomandi hlíð vegna þess að snjór frá aðsópssvæðum hafi tilhneigingu til þess að safnast í efri hluta hlíðarinnar ofan garðsins. Hraði snjóflóða sem kynnu að fara af stað frá upptakasvæðum á garðinum yrði tiltölulega lítill vegna þess að fallhæðin sé lítil í samanburði við náttúrulega snjóflóðafarvegi. Víðast hvar sé gert ráð fyrir gróðursetningu trjágróðurs á þeirri hlíð varnargarða sem snýr að byggð og hún brotin upp með göngustígum eða öðrum hætti sem ætla megi að dragi úr snjóflóðahættu. Einnig megi bregðast við snjósöfnun með stoðvirkjum ef þörf sé á.

Skipulagsstofnun bendir á að það er hluti vöktunar að fylgjast með hvort snjósöfnun muni eiga sér stað við garðana. Ef snjósöfnun gefur tilefni til þarf að kanna með hvaða hætti hægt sé að bregðast við því með mótvægisáðgerðum svo sem breyttri lögum mannvirkja, trjáplöntun eða stoðvirkjum.

4.4 ÁHRIF Á FRAMKVÆMDATÍMA

Í matsskýrslu kemur fram að nokkur hávaði verði frá vinnuvélum og skapi ónæði fyrir íbúa húsa sem næst séu framkvæmdarsvæðinu. Sprengingar geti valdið ónæði en muni standa stutt yfir. Umferð stórra tækja um götur bæjarins geti valdið hávaða og þyrllað upp ryki auk þess sem ryk gæti borist niður í næstu götur í þurru og vindasömu veðri. Fram kemur að stefnt sé að því að hefja framkvæmdir í ágúst 2012 og ljúka þeim árið 2016.

Í matsskýrslu kemur fram athugasemd Ragnheiðar Hákonardóttur við fyrirhugað haugsvæði við vatnssúhús og vatnsgeymi sem muni kalla á meiri umferð að framkvæmdarsvæðinu um íbúðargötu, þar með talið Urðarveg. Bendir hún á að eðlilegra væri að umferð færi að mestu og helst öllu leyti fram frá vesturenda framkvæmdarsvæðisins og ofan íbúðabyggðarinnar. Einnig telur hún að fyrirhugaður framkvæmdatími, 4 ár, sé of langur vegna margháttads ónæðis sem verði á meðan á framkvæmdum standi og gerir kröfu um að hann verði stytur og unnið á takmörkuðu svæði á hverjum tíma.

Í svari framkvæmdaraðila í matsskýrslu kemur fram að verkhönnun miði við að öll umferð að framkvæmdarsvæðinu verði frá vesturenda svæðisins ofan byggðar. Framkvæmdatími sé reiknaður út frá eðli framkvæmdarinnar og reynslu af byggingu ofanflóðagarða og ekki sé skynsamlegt að stytta hann mikið.

Skipulagsstofnun telur að búast megi við ónæði vegna hávaða og umferðar á framkvæmdatíma. Stofnunin tekur undir það sjónarmið að reynt verði að vinna á svæðinu í áföngum þannig að frágangur einstakra svæða geti hafist sem fyrst.

4.5 ÁHRIF Á LÍFRÍKI

Í matsskýrslu kemur fram að athuganir á gróðri hafi leitt í ljós að svæðið undir Gleiðarhjalla sé að mestu algróið en lítt gróin svæði séu inn á milli vegna rasks t.d. vegna byggingar núverandi garða. Bygging ofanflóðavarnargarða feli í sér að allur yfirborðsgróður hverfi á um 8 ha svæði en innan áhrifasvæðis framkvæmdanna sé hvorki að finna gróðurhverfi sem njóti verndar né tegundir sem teljist sjaldgæfar. Stærsta gróðurlendið sem raskist sé blómlendi, um 3 ha og einnig raskist um 1,3 ha af skógræktarsvæði.

Fram kemur að við upphaf framkvæmda verði svarðlag á framkvæmdarsvæðinu tekið til hliðar og dreift yfir svæðið að framkvæmdum loknum, þannig verði staðargróður hafður sem undirstaða við uppgræðslu garðanna. Þegar lokið hafi verið við að dreifa svarðlaginu verði sáð í svæðið og borinn áburður þar sem það eigi við. Fram kemur að hluti núverandi skógræktarsvæðis sé innan framkvæmdasvæðisins og mögulegt sé að taka upp tré þar og flytja á önnur svæði, þar sem flest trjáanna séu ung og lægri en 60 cm.

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt athugunum á fuglalífi séu allar tegundir varpfugla á svæðinu algengar um land allt og talið að framkvæmdin muni líklega hafa lítil sem engin áhrif á þær, hvorki á framkvæmdatíma né að þeim loknum.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa bein og varanleg áhrif á allstórt svæði sem er að mestu algróið. Þó að sjaldgæfum tegundum verði ekki raskað þá telur stofnunin, í ljósi umfangs þess svæðis sem mun raskast, að líta verði svo á að áhrif á gróður verði nokkuð neikvæð. Þær aðgerðir við uppgræðslu, sem framkvæmdaraðili kynnir í matsskýrslu séu til þess fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður til lengri tíma litið.

Skipulagsstofnun telur að ekki séu líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á fugla þó að ljóst sé að búsvæði muni að einhverju leyti skerðast og hávaði á framkvæmdatíma muni líklega fæla fugla tímabundið frá svæðinu.

4.6 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að í frambrún Gleiðarhjalla sé 35-50 m hátt klettabelti en neðan þess 30-40° brött skriða sem ná niður í 30-40 m hæð yfir sjó. Skriðan í hlíðinni einkennist af fjölda lækjarfarvega og farvega eftir skriðuhlaup sem sumir ná niður í byggð. Eftir hluta farveganna renni stöðugt vatn, en í öðrum aðeins í leysingum og vatnsveðri og sumir séu þekktir aurskriðufarvegir. Skriðan sé víða þykk og efni í henni allt frá fínefnum upp í stóra hnullunga. Tvær skriður séu sterk kennileiti svæðisins, Stakkaneshryggur og Stórurð. Stórurð sé líklega aðallega mynduð í einu skriðuhlaupi en hún teljist ekki til sérstakra jarðmyndana. Neðst í henni sé gömul efnisnáma sem byggðin ná upp í. Framkvæmdin muni hafa varanleg neikvæð áhrif á

neðri hluta Stóruðar en þar sem hluta hennar hafi þegar verið raskað og hún teljist ekki sérstök jarðmyndun þá muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif.

Skipulagsstofnun telur að skriðuhlíðin neðan Gleiðarhjalla sé lík skriðum í hlíðum fjalla á Vestfjörðum og ekki sérstæð jarðmyndun. Skriðuhlíðin setur þó talsverðan svip á umhverfi Ísafjarðarbæjar, einkum séð handan Skutulsfjarðar og af sjó og sá svipur mun breytast nokkuð við framkvæmdina. Þó röskun verði á neðsta hluta skriðuhlíðarinnar við framkvæmdina kemur það ekki til með að hafa veruleg áhrif á jarðmyndunina.

4.7 ÁHRIF Á VATNAFAR

Í matsskýrslu kemur fram að hlíðin ofan framkvæmdasvæðisins sé almennt þurr og því verði lítil sem engin áhrif á grunnvatn. Óverulegar breytingar verði á streymi yfirborðsvatnsins með tilkomu garðanna þar sem skurðir séu nú þegar undir mest allri hlíðinni. Stærsti hluti yfirborðsvatns verði leiddur meðfram gördunum út til beggja enda framkvæmdasvæðisins, þar sem vatnið fari eftir opnum skurðum út í sjó. Yfirborðsvatn ofan Urðarveggar sé á tveimur stöðum leitt í opnum rásum í holræsakerfi Ísafjarðarbæjar. Framkvæmdin muni því hafa óveruleg áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn á svæðinu.

Í matsskýrslu kemur fram athugasemd Ragnheiðar Hákonardóttur þess efnis að ef varnargarðar 3 og 4b virki, muni aukast það vatnsmagn sem leiða verði um ræsi, sem séu nú þegar of lítil. Tryggja verði með lögnum til sjávar að yfirborðsvatn fari ekki inn á lóðir húsa bæði á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Í umsögn umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar er vísað til athugasemdar Ragnheiðar og lögð áhersla á að tryggt verði að vatn (svatnsrásirö) frá varnargörðum verði leitt í lokaðri rás í sjó fram.

Í svari framkvæmdaraðila í matsskýrslu kemur fram að varnargarðarnir séu ekki taldir breyta vatnsmagni að ræsum í götum frá því sem nú er. Hluti verkhönnunar felist í því að útfæra austurenda garðs 3 þannig að aur og vatn safnist ekki milli húsa við Urðarveg 29 og 27. Til þess að slíkt gangi gæti þurft að færa austurenda garðs 3 upp að skógrækt og beina frárennslisvatni til vesturs en það sé ekki víst að það sé hægt miðað við núverandi frárennsliskerfi. Rennslis grunnvatns inn að lóðum ætti að minnka þar sem skering ofan við garða verði dýpri en framræsluskurðir á svæðinu í dag. Komi aukið streymi grunnvatns í ljós á verk tíma muni verkhönnuðir bregðast við slíku með dýpri skurðum eða dremskurðum neðan við garða. Þá er bent á að bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti á fundi sínum 16. febrúar 2012 að fram fari vöktun á húsum, sem standa næst framkvæmdarsvæðinu, er feli í sér að fylgst verði með hvort hús sigi en það gæti gerst ef grunnvatnsstaða breytist vegna framkvæmdanna.

Skipulagsstofnun telur líkur á að framkvæmdin kunni að valda því að aukið vatnsmagn verði í rásum sem flytja eiga yfirborðsvatn til sjávar t.d. vegna aukinnar snjósöfnunar ofan varnargarðanna, sem við bráðnun geti leitt til flóðtoppa. Einnig kann afrennsli af raskaða svæðinu ofan garðanna að aukast ef vatn sígur þar ekki jafn hratt niður og í grófa urðina við núverandi aðstæður. Mikilvægt er því að í framkvæmdinni felist gerð fráveitu er annar flóðtoppum svo ekki flæði inn á lóðir húsa eða inn í hús. Verði fylgt ofangreindum mótvægisáðgerðum telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á yfirborðsvatn og fráveitu þess verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun tekur einnig undir áform bæjarstjórnar um að fylgjast með hvort grunnvatnsstaða í lóðum húsa breytist þannig að hætta sé á að hús sigi og

verði fyrir skemmdum. Komi í ljós að hætta sé á skemmdum húsa vegna breytinga á gunnvatnsstöðu þarf að bregðast við því með aðgerðum.

4.8 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Greint er frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, því næst óveruleg og síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Skýringar á skilgreiningu ofangreindra vægiseinkunna er að finna í matsskýrslu og eru sambærilegar við þær sem birtast í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun vinnur að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkunn sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð sem væri þá millistig á milli talsvert neikvæðra og óverulegra áhrifa. Hér væri þá yfirleitt um að ræða staðbundin varanleg og óafturkræf áhrif sem gætu náð til allumfangsmikils svæðis en áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum. Í þessu áliti notar Skipulagsstofnun hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar ofanflóðavarna neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði.

4.9 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna framkvæmdar við fyrirhugaðar ofnaflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla, bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

Framkvæmdin er í samræmi við stefnu Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulag er tók gildi 5. mars 2012.

- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Efnistaka vegna framkvæmdarinnar er háð lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Framkvæmdina þarf að vinna í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 og reglugerðir er fylgja þeim lögum. Ennfremur þarf að vinna í samræmi við reglugerð um sprengiefni og sprengivinnu nr. 684/1999 og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Ísafjarðarbæjar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Ísafjarðarbæjar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Ísafjarðarbæjar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Ísafjarðarbæjar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir

athugasemdom og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummaskýrslu og þeim sé svarað eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif ofanflóðavarnanna geti orðið talsverð neikvæð einkum fyrir þá sem búa næst varnargörðunum og missa útsýni til fjallshlíðarinnar ofan byggðarinnar. Einnig verði sjónræn áhrif talsverð neikvæði þegar horft er til framkvæmdasvæðisins frá Suðurtanga eða við siglingu inn Skutulsfjörð. Stofnunin telur hugmyndir um mótun garðanna, frágang yfirborðs og uppgræðslu/ræktun séu til þess fallnar að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum og ef vel tekst til verði aðstaða til útivistar og ræktunar ekki síðri að framkvæmdum loknum en nú er.

Stofnunin telur að framkvæmdin komi til með að hafa bein og varanleg áhrif á gróður á allstóru svæði og þó að sjaldgæfum tegundum verði ekki raskað þá verða áhrifin nokkuð neikvæð en fyrirhuguð uppgræðsla mun draga úr þeim til lengri tíma litið. Stofnunin telur að skerðing á útvistarsvæði, skógræktarreit og uppeldissvæði garðplöntustöðvar verði einkum á framkvæmdatíma. Fyrirhugaðar aðgerðir við landmótun og frágang svæðisins miði að því að bæta fyrir skerðinguna.

Stofnunin telur að skriðuhlíðin neðan Gleiðarhjalla sé lík skriðum í hlíðum fjalla á Vestfjörðum og ekki sérstæð jarðmyndun og þó röskun verði á neðsta hluta hennar hafi það ekki veruleg áhrif á jarðmyndunina.

Skipulagsstofnun telur ljóst að framkvæmdin kunnir að valda því að aukið vatnsmagn verði í rásum sem flytja eiga yfirborðsvatn til sjávar t.d. vegna aukinnar snjósöfnunar ofan varnargarðanna, sem við hraða bráðnun gæti leitt til flóðtoppa. Einnig kann afrennsli af raskaða svæðinu ofan garðanna að aukast ef vatn sígur þar ekki jafn hratt niður og í grófa urðina við núverandi aðstæður. Mikilvægt er því að í framkvæmdinni felist gerð fráveitu er annar flóðtoppum svo ekki flæði inn á lóðir húsa eða inn í hús. Skipulagsstofnun tekur einnig undir áform bæjarstjórnar um að fylgjast með hvort grunnvatnsstaða í lóðum húsa breytist þannig að hætta sé á að hús sígi og verði fyrir skemmdum og grípi til ráðstafana ef með þarf. Sýni vöktun að hætta skapast vegna snjósöfnunar við garðana verði brugðist við með mótvægisáðgerðum.

Skipulagsstofnun telur að búast megi við ónæði vegna hávaða og umferðar á framkvæmdatíma og þarf að stefna að því að vinna á svæðinu í áföngum þannig að frágangur einstaka svæða geti hafist sem fyrst.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á byggingartíma/rekstartíma.

Reykjavík, 11. apríl 2012.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson